

bœnda
FERÐIR

FLJÓTASIGLING Á DÓNÁ



11. – 18. september 2026
Fararstjórn: Pavel Manásek

Sumar 28
Ungverjaland | Slóvakía | Austurríki | Þýskaland

Ferðalýsing

Á siglingu um Dóná líðum við áfram um fjölbreytilegt landslag þar sem fallegar, gamlar borgir, glæsilegir kastalar og lítil þorp skapa myndir sem minna á falleg málverk. Við fljúgum til München og ökum til **Linz** í Austurríki þar sem farið er um borð í skipið **MS France**. Hér í hjarta Evrópu ætlum við á næstu dögum að kynnast sögu og menningu fólksins við ána. Við byrjum á því að kasta akkeri í tónlistarborginni **Vínarborg** og skoðum þar m.a. fallegu **Schönbrunn höllina**, siglum áfram til **Búdapest** í Ungverjalandi þar sem sjá má óteljandi brýr og glæsilegar barokkbyggingar og förum um hið rómantíska láglendi Pusztá sléttunnar. Áfram er siglt til **Bratislava**, höfuðborgar Slóvakíu og helstu kennileiti borgarinnar skoðuð. Við siglum upp Dóná, stoppum í bænum **Dürnstein** og göngum um heillandi miðbæinn. Þaðan er haldið aftur til Linz með viðkomu í forna klaustrinu **Melk** en í Linz stígum við á land og ökum til Passau þar sem við skoðum okkur um og dveljum eina nótt fyrir heimferð.

8 dagar | 7 nætur

6 nætur MS France | 1 nótt Passau



11. september | Flug til München & ekið til Linz

Brottför frá Keflavík kl. 7:20. Mæting í Leifstöð í síðasta lagi 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í München kl. 13:05 að staðartíma. Þaðan verður ekið til Linz í Austurríki þar sem farið verður um borð í skipið MS France. Við verðum boðin velkomin með drykk og áhöfnin kynnt. Landfestar leystar og við eigum síðan notalega kvöldstund yfir mat og drykk. Gist verður um borð í skipinu í 6 nætur.

12. september | Vínarborg

Komið verður til Vínarborgar fyrir morgunverð en að honum loknum bíður okkar skoðunarferð að Schönbrunn höllinni sem byggð var á árunum 1692–1780 sem sumarhöll Mariu Theresiu keisaraynju og fjölskyldu hennar. Höllin, sem er með fallegustu síðbarokkhöllum Evrópu, var einnig notuð af öðrum Habsborgurum s.s. Sissí drottningu og Franz eiginmanni hennar. Farin verður skoðunarferð um höllina en þaðan er gott útsýni yfir glæsilegan hallargarðinn. Þar má finna gosbrunna í barokkstíl, Gloriette heiðursminnisvarða herliðs keisarans ásamt elsta dýragarði í heimi. Eftir það verður hinn svokallaði hringvegur ekinn þar sem margar af glæsibyggingum borgarinnar er að finna, m.a. óperuhúsið, borgarleikhúsið, þinghúsið og ráðhúsið ásamt fjölmörgum minnisvörðum og grænum svæðum. Hádegisverð snæðum við um borð í skipinu en eftir hann gefst frjáls tími til að skoða Vínarborg á eigin vegum. Að kvöldverði loknum ökum við um Vínarborg og upplifum hana að kvöldlagi en það er stórkostleg upplifun að sjá völdugar byggingar borgarinnar upplýstar að kvöldi.



13. september | Búdapest

Eftir hádegi verður komið til Búdapest, sem oft er nefnd perla Dónár. Það er hrifandi stund þegar allar glæsilegustu byggingar borgarinnar og ótal brýr blasa við frá ánni og um að gera að missa ekki af því. Borgarhlutarnir tveir, hallar - og borgarhverfið, Búda og Pest, sem Dóná skilur að, eru tengdir saman með fjölda, völdugra og fallegra brúa. Eftir að akkerum hefur verið kastað, verður farin skoðunarferð um borgina. Við dáumst að hetjutorginu fræga, mörgum glæsilegum barokkbyggingum og hinu einstaka þinghúsi við ána. Ekið verður upp á Gellért hæðina að hallarhverfinu en þar er að finna Matthíasarkirkjuna sem var konungskirkja ungverska konungsins og virki fiskimannanna, Halászbástya. Þaðan er frábært útsýni yfir ána og þinghúsið. Eftir kvöldverð er boðið upp á óperettukvöld í salnum á skipinu. Skipið verður yfir nótt í Búdapest.



14. september | Puszta sléttan



Eftir morgunverð verður ekið út á Puszta slétturnar, sem hafa verið yrkisefni óteljandi söngvaskálda. Í hádeginu verður boðið upp á einn af þjóðarréttum landsins, gúllas með ungversku víni undir ógleymanlegum sígaunafiðluleik. Puszta sléttan er fræg fyrir hestamennsku og við sjáum glæsilega reiðsýningu. Eftir hádegi höldum við aftur til skips þar sem við fáum kaffi og meðlæti og eigum að því loknu frjálsan tíma í Búdapest til að njóta

þess sem borgin hefur upp á að bjóða. Eftir kvöldverð um borð í skipinu kveðjum við Búdapest og siglum áleiðis til Bratislava í Slóvakíu.

15. september | Bratislava

Um hádegisbil kemur skipið okkar að slóvakísku höfuðborginni Bratislava. Við höldum í áhugaverða skoðunarferð um borgina þar sem við sjáum m.a. Martins dómkirkjuna, erkibiskupahöllina og þjóðleikhúsið. Seinni partinn verða landfestar leystar og siglt áfram upp Dóná. Í kvöld verður hátíðarkvöldverður um borð í skipinu.



16. september | Dürnstein & Melk

Yfir nótt fer skipið fram hjá Vínarborg og árla morguns verður lagt að landi í bænum Dürnstein í vínhéraðinu Wachau. Eftir góðan morgunverð verður frjáls tími til að röltu um þennan litríka bæ. Fyrir hádegi leggjum við síðan af stað til litlu borgarinnar Melk og njótum þess að sjá fagurt landslag líða hjá á leiðinni. Eitt fallegasta og frægasta klaustur Austurríkis gnæfir yfir Melk. Farið verður með rútu upp að klaustrinu og skoðum við þetta svæði sem byggt var upp fyrir um 900 árum en klausturskirkjan er eitt af meistaraverkum barokklistar í landinu. Um kvöldið kveðjum við Melk og siglum í átt að Linz.

17. september | Linz & Passau

Að morgunverði loknum kveðjum við fljótaskipið í Linz og öikum til Passau í Þýskalandi, sem stendur við ármót Dónár, Inn og Ilz í Bæjaralandi. Árnar þrjár setja svo fallegan svip á borgina að hún er talin með sjö fallegustu borgarstæðum í heimi. Við förum í skoðunarferð um Passau áður en haldið verður á hótél í Passau þar sem við gistum eina nótt.



18. september | Heimferð


Nú er ferðin á enda og að loknum morgunverði munum við aka út á flugvöll í München. Brottför er þaðan kl. 14:05 og er áætluð landing í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma.

Um skipið

MS France var tekið í notkun árið 2001 en tekið í gegn árið 2016. Það er 110 m langt og tekur um 160 farþega. Boðið verður upp á hlaðborð á morgnana en þjónað til borðs í hádegis- og kvöldverðum. Flestir drykkir eru innifaldir meðan á siglingu stendur, þ.e. vín, bjór, sterkir drykkir, vatn, gos og kaffi. Klefarnir eru allir með sérbaðherbergi, glugga, hárbلاسara, sjónvarpi, loftræstingu og öryggishólfi.



Vinsamlegast athugið að dagskrá ferðarinnar getur raskast vegna breytinga á vatnsyfirborði siglingaleiða, bilunar í skipastigum eða annarra óvæntra aðstæðna.



Verð

459.900 kr. á mann í tvíbýli á aðalþilfari | 115.500 kr. aukagjald fyrir einbýli á aðalþilfari.

50.500 kr. aukagjald á mann í tvíbýli á efra þilfari | Ekki er hægt að fá einbýli á efra þilfari.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Sigling og gisting á skipinu MS France í 2ja manna klefa með sturtu/salerni í 6 nætur.
- ✓ Fullt fæði á skipinu MS France.
- ✓ Móttökudrykkur á skipinu.
- ✓ Allir drykkir eru innifaldir meðan á siglingu stendur (fyrir utan drykki á sérseðli).
- ✓ Hátíðarkvöldverður um borð í skipinu.
- ✓ Óperettukvöld um borð í skipinu.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Aðgangseyrir í Schönbrunn höllina, á hestasýningu og í klaustrið í Melk.
- ✓ Hótelgisting í Passau í eina nótt í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður á hóteli í Passau.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegisverður í Passau.
- ✓ Kvöldverður í Passau.
- ✓ Vínsmökkun.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Þjóf fé fyrir áhöfnina u.þ.b. 35 € á mann.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.

Hótel

- ✓ Passau – MK Hotel Passau

Nánari upplýsingar

- ✓ Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bændaferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bændaferða.

